

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Strandabyggð.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Strandabyggð.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum (18 ára og eldri), sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirtöldum skilyrðum:

- a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b) Um leyfi til hundahalds í fjöleignarhúsum gilda ákvæði 41. gr. laga nr. 26/1994 auk þess ef sótt er um leyfi til að halda hund í parhúsi eða raðhúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki aðliggjandi íbúða.
- c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til sveitarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn ákveður, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn lætur birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið að þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá útgáfu reiknings fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- d) Hver hundur sem veitt er leyfi fyrir skal þegar ábyrgðartryggður og skal sveitarstjórn annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum og munum.
- e) Hundar skulu færðir til hreinsunar ár hvert.
- f) Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu á um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.
- g) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss nema á opnum svæðum fjarri alfararleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeinganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra eftirtalda staði:
 1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra og brunna.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslur og förgunarsvæði.
 4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.

10. Fangageymslur og aðrar vistaverur handtekinna manna.
 11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 12. Kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.
 13. Almenn samgöngutæki.
- i) Ákvæði stafliðs h) gildir ekki fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskerta.
 - j) Ábúendum lögbýla sem eru innan marka sveitarfélagsins er heimilt að halda þarfa-hunda án þess að leyfisgjald komi fyrir enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda. Kostnað vegna hundahreinsunar o.þ.h. greiðir eigandi.
 - k) Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda sveitarstjórn sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem fram kemur leyfisnúmer hunds og nafn og heimilisfang leyfishafa.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún brýna þörf á.

5. gr.

Starfsmenn áhaldahúss annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Strandabyggð og geta leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur og ef um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða. Við störf sín að framkvæmd samþykktar þessarar starfa starfsmenn áhaldahúss undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda um töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

7. gr.

Reglur þessar eru gerðar til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir lendi ekki á flækingsi. Reglur þessar gilda um kattahald á Hólmavík en ekki í dreifbýli Strandabyggðar.

8. gr.

Eigendur skulu láta skrá ketti sína á skrifstofu Strandabyggðar og skulu allir heimilis-kettir bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimilisfang og símanúmer, eða vera örmerktir. Við skráningu skulu kattaeigendur undirrita yfirlýsingu um að þeir munu í einu og öllu fara með ketti sína eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að vera breytt.

Til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins af skráningu og eftirliti með köttum á Hólmavík skal hver kattaeigandi greiða árlegt gjald til sveitarsjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu kattarins og síðan árlega eftir það. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins í gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn lætur birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Kattaeigendum er skylt að sjá svo um að kettir raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Um kattahald í fjöleignarhúsum gilda ákvæði 41. gr. laga nr. 26/1994 og er skilyrði að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu kattarins er gildir þar til sveitarstjóra berst skrifleg rökstudd afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem köttur þeirra sannarlega veldur og eru foreldrar ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna. Þá er eigendum skylt að gelda fressketti nema þeir séu ætlaðir til undaneldis en þá er stranglega bannað að hleypa þeim lausum út úr húsi.

10. gr.

Kettir skulu færðir til hreinsunar ár hvert.

11. gr.

Ef merktur köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Starfsmenn áhaldahúss, eða aðili sem hefur sérstakt umboð þess getur látið handsama ómerkta ketti. Hafi ómerkta kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs eiganda eða hann aflífaður.

12. gr.

Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á ómerktum flækingsköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

13. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Sveitarstjórn er heimilt að banna eða afmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannarlega valdur að.

14. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar og gildir í Strandabyggð staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. ágúst 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 22. ágúst 2007